

5. árg. 2. tbl

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð


apríl 2000

### Vorsýningin 2000

Þá styttist óðum í vorsýningu félagsins árið 2000, sem haldin verður í **Safnaðarheimili Háteigskirkju dagana 29. og 30. apríl n.k. kl. 13:00-17:00.** Í tilefni 1000 ára afmælis kristnitökunnar, var ákveðið að á sýningunni yrði lögð áhersla á útskurð er tengdist landnámi/kristni. Engu að síður er það áréttað að yfirskrift sýningarinnar er mjög vítt skilgreind og eru félagsmenn hvattir til að koma með muni sína á sýninguna og er tekið á móti þeim **föstudaginn 28. apríl kl. 18:00-20:00** og ber sýningarfólki að sækja muni sína strax að lokinni sýningu sunnudaginn 30. apríl kl. 17:00.

Þá er félagsmönnum bent á, að einnig er tekið á móti munum í vinnslu, til að sýna verk á mismunandi vinnslustigum og þeir sem eiga góðar teikningar/skissur sem síðan hefur verið skorið út eftir eru hvattir til að hafa slíkt meðferðis.

Í sýningarnefnd eru Jón Adólf s. 8966234, Örn S. s.5538117, Bjarni Þór s. 5684654 og Halldór V. s. 5656122.



### Sveinspróf í lönskólanum

Það eru gleðilegar fréttir fyrir áhugafólk um tréskurð að nú eru tveir félagsmenn okkar að þreyta sveinspróf. Anna Lilja Jónsdóttir og Örn Sigurðsson eru nú að vinna að sveinsstykki sínum, sem lögð verða fram innan tíðar í lönskólanum í Reykjavík.

Ekki hefur verið útskrifaður sveinn í þessari iðngrein í tæp 50 ár, en prófdómarar eru Jón Hannesson og Sveinn Ólafsson, myndskurðarmeistari. Sveinn hefur kennt myndskurð í lönskólanum undanfarin ár. Það er ánægjulegt að þetta gerist á þeim tímamótum er Sveinn verður 75 ára. Sveini er þakkað einstakt framlag hans til kennslu í útskurði í lönskólanum og vill félagið óska honum heilla í tilefni afmælisins.



## Ýmislegt

Ágæt þátttaka félagsmanna var á teikninámskeiði félagsins í febrúar, þar sem Hjördís Ólafsdóttir, myndmenntakennari kenndi teikningu.

Því miður féll niður erindi Aðalsteins Ingólfssonar í mars um skrautform og stílbrigði í myndlistarsögunni, en hann þurfti að fara erlendis daginn áður. Eru félagsmenn sem ekki fréttu af þessu beðnir velvirðingar. Við væntum þess að Aðalsteinn komi á fund til okkar í haust.

Fjöldi félagsmanna lögðu leið sína á útmánuðum til Selfoss, til að sjá útskurðarsýningu Siggú á Grund. Góð sýning og gott framtak.

Til stendur að setja upp sýningu í sumar á Selfossi "Telgt í tré". Hún verður auglýst nánar í dagblöðum síðar.

Hin árlega handverkssýning í Laugardalshöllinni verður sömu helgi og sýningin okkar í Safnaðarheimili Háteigskirkju, dagana 29. og 30. apríl n.k.

Óskað hefur verið eftir að félagaskrá FÁT með heimilisföngum og síma verði birt í Brýninu. Ef einhverjir vilja ekki láta birta nöfn sín eru þeir beðnir um að láta stjórnarmenn félagsins vita.

## Félagsgjöldin

Með síðasta fréttabréfi voru sendir út seðlar til innheimtu félagsgjalda 1999-2000. Er félagsmönnum þökkuð tryggð við félagið og skilvísi, en þeir sem ekki hafa greitt ennþá er beðnir að standa skil á félagsgjöldunum sem fyrst.

## Afslættir til félagsmanna FÁT

Húsasmíðjan hf.	10%	Efnagerð Laugarness	15%	Efnissalan	10%
Ingbór Haraldsson hf.	10%	Sögin hf.	10%	Smíðabær hf.	10%
Verslunin Brynja	10%	BYKO	12%		

## Stjórn félagsins 1999-2000

Vilhjálmur Siggeirsson, form. s. 5537768, Bjarni Þór Kristjánsson, varaform. s. 5684654, Halldór Vilhelmsson, gjaldkeri s. 5656122, Guðmundur Ketill Guðfinnsson, ritari s. 5668157 og Jón Adólf Steinólfsson, meðstj. s. 8966234

### BRÝNIÐ

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð  
Birkihlíð 32  
105 Reykjavík (s. 553 7768 Vilhjálmur Siggeirsson)  
Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð  
<http://www.islandia.is/~treskurd>

Halldór Kr. Vilhelmsson,  
Furulundi 10,  
210 GARÐABÆR